

Sp.

434. Þingsályktun

um ráðstafanir til öryggis handrita- og skjalasöfnum ríkisins.

(Afgreidd frá Sp. 9. maí).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma hinum merkustu skjalasöfnum landsins og fornminjum á sem öruggasta geymslustaði og jafnframt hlutast til um, að þegar sé hafinn undirbúningur að því að byggja eld- og sprengjuhelda geymslu til varðveislu safnanna í framtíðinni. Heimilast ríkisstjórninni nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þessara ráðstafana.